

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps vegna Miðmundarholts (P5).

Skipulagsstofnun staðfesti 17. desember 2020 breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Í breytingunni felst að um 10 ha íbúðarsvæði (Í3) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði (P5) þar sem gert er ráð fyrir gistiþjónustu á sjö lóðum auk þess sem íbúðir eru einnig heimilaðar á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 17. desember 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2021